

DRÖG

**Framkvæmdaráðsfundur 4. september 2010**  
**Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar**  
**Kl. 9:00 – 16**



Boðaðir voru formenn deilda, stjórn landssambandsins, gjaldkeri, lögsögumaður og fráfarandi forseti.  
Gestir: Eygló Björnsdóttir, Hertha W. Jónsdóttir, Inga Úlfadóttir, Ingibjörg Einarsdóttir, Jónína Eiríksdóttir, Sigríður Johnsen, Sigrún Jóhannesdóttir, Steinunn Aðalsteinsdóttir og Sigrún Klara Hannesdóttir

Húsið var opnaði kl. 8:30 fundur settur kl. 9:10. Ingibjörg Jónasdóttir forseti kveikti á kertum, las upp markmið samtakanna og hafði nafnakall.

**Mættar** úr landssambandsstjórn:

Ingibjörg Jónasdóttir forseti, Sóley Halla Þórhallsdóttir 1. varaforseti, Steinunn Guðmundsdóttir 2. varaforseti, Guðbjörg Sveinsdóttir gjaldkeri, Anna Þóra Baldursdóttir fráfarandi forseti.  
Fjarverandi voru Ingibjörg Auðunsdóttir ritari og Steinunn Ármannsdóttir meðstjórnandi.

Formenn deilda:

Alfateild: Martha Guðjónsdóttir – mætti um hádegis, Betateild: Þorgerður Sigurðardóttir, Gammateild: Kristín Jónsdóttir, Deltateild: Elísabet Jóhannesdóttir, Epsilondeild: Bolette Hoeg, Zetateild: Hrefna Egilsdóttir, Etateild: Auður Torfadóttir, Þetateild: Guðbjörg Sveinsdóttir, Iotateild: Soffía Vagnsdóttir, Kappateild: Sigríður Hulda Jónsdóttir fjarverandi, Sigríður Johnsen fulltrúi deildarinnar

**Fundargerð síðasta fundar.**

Steinunn Guðmundsdóttir stiklaði á stóru úr fundargerðinni.  
Sóley Halla Þórhallsdóttir var tilnefnd tímavörður og Steinunn Guðmundsdóttir ritari fundarins.

**Orð til umhugsunar**

Sóley Halla Þórhallsdóttir sagði í upphafi að eftir því sem tíminn líði hvarfli hugurinn hennar æ, meira í smíðju eldri fræðimanna. Orð Sóleyjar fjölluðu m.a. um námsmat sem við haft var í Hnífsdal 1897 gat hún þess að orðið símat væri ekki nýtt af nálinni því á þessum tíma var það í hávegum haft á þessum stað. Nemendur í Hnífsdal biðu spenntir eftir laugardögum því þá fengu þeir námsmatið fyrir vikuna. Þar var gefið fyrir hverja námsgrein á hverjum degi einkunnarskalinn var frá 1 – 6 og meira segja gefið í 1/3. Þá var Sóley með frumútgáfu af Lýðmenntun Guðmundar Finnbogasonar og las nokkrar tilvitnanir úr henni. Fleiri tilvitnanir komu fram í orðum Sóleyjar meðal annars um að skóli er til að þroska nemendur og gera þá að betri manneskjum. Í lokin las hún upp tilvitun í orð Jóns Gnarrs sem voru eitthvað á þessa leið: Það er sama hvaða stefnu eða strauma menntastofnanir setja sér og segjast fylgja ef það er ekki gott og heiðarlegt fólk sem vinnur þar.

**Til formanna, Ingibjörg Jónasdóttir forseti Landssambandsins**

Ingibjörg bað konur að velta fyrir sér af hverju þær væru hér sem formenn deildar sinnar eða í nefnd. Einnig bað hún hverja og eina að hugleiða: Hver hefur haft áhrif á þær, hver er þeirra leiðtogi eða leiðtogar, hvað lærðu þær í stjórnun af þessum persónum, hverju vilja þær áorka?  
Nefndi hún að deildin væri mikilvægasti hluti samtaka DKG. Í hverri deild hafi skapast hefð um ýmsa hluti og það verði að virða, virða væntingar og viðhorf, en á sama tíma að óttast ekki breytingar. Ingibjörg lagði áherslu á tengslanetið og bað formennina að veita alþjóðavettvanginum athygli í framhaldi af formannasarfínu.  
Landssambandsforseti ræddi um ýmsa kosti þess að vera í samtökunum og t.d. að það sem DKG gerir svo vel sé að skapa umhverfi til þroska.

**Frá formönnum deilda**

Formenn deilda kynntu hugmyndir um starfið í vetur. Misjafnt er hvort stjórnirnar hafi hittst formlega en flestar deildir eru komnar með fastar hefðir í starfseminni. Áhugi er m.a. fyrir að kynnast starfi skólanna á hverju svæði fyrir sig, nýbreytni í skólastarfi, næra konurnar sjálfar, taka fyrir markmið samtakanna. Fundir deilda eru 6 – 9 yfir veturinn og rætt var um að ekki væri gott að fundir væru of fáir sérstaklega ef erfitt er fyrir konur að mæta.

**Úr félagsstarfinu**

**Lagabreytingar, Guðný Helgadóttir lögsögumaður**

Fyrir alþjóðáþingi s.l. sumar lágu fyrir nokkrar lagabreytingar, s.s. skilyrði fyrir að verða félagskona verði rýmkuð, ekki lengur gerð krafa um að einstaklingur hafi verið minnst 3 ár í starfi, kona á eftirlaunum getur orðið aðili að samtökunum, ef félagskona hættir og kys síðar að koma inn aftur þarf ekki að fara farm kosning, árgjaldið ákveðið annað hvert ár, alþjóðastyrkir. Ein afgerandi breyting er að ekki er nauðsynlegt að nota grískubókstafina lengur, hvert landsamband hefur heimild til að breyta því. Breytingar hafa orðið á nefndum. Laganefndin okkar fer í að laga lög og reglugerðir í vetur.

Sigrún Klara upplýsti að breytingar á lögum væru fyrst og fremst – hreingerning og lagfæringar - til að samræma lög og reglugerðir. Ein ný klausa er kominn inn sem nefnist *framτίðarsýn*. Hvernig getum við haft áhrif á menntamál í okkar nærsamfélagi, í landinu. Þá er skilgreint betur í lögnum að veita má konum sem eru utan

samtakanna styrki þ.e. þeirra sem búa annars staðar en í Bandaríkjunum eða Kanada. Búin til ný nefnd Education Excellence og voru nokkrar nefndir sameinaðar í eina nefnd. Íslensk kona er í þessari nefnd, Sigríður Ragnarsdóttir frá Jótadeild. Fyrsta deildin á Íslandi var stofnuð 7. Nóv. 1975, en landssambandið tveim árum síðar. Komið er inn í lögin að þegar DKG komið er inn í land og stofnuð deild þá er nýtt landssamband stofnað.

#### **Alþjóðlegar nefndir, ofl, Ingibjörg Jónasdóttir**

Stjórnin sendi inn tilnefningar í alþjóðanefndir og komust fjórar íslenskar konur inn í alþjóðanefndir. Sigríður Ragnarsdóttir í Education Excellence, Sjófn Sigurbjörnsdóttir í Leadership, Herta W. Jónsdóttir í Membership og Jóhanna Einarsdóttir í Educators's Award. Mikilvægt er að halda til haga hverjar hafa verið í alþjóðanefndum og þurfum við að koma þeim upplýsingum á vefinn.

Tvær konur fengu Scholarship styrki frá alþjóðasamtökunum, þær Anna G. Edvardsdóttir úr Jótadeild og Andao Tran úr Gammadeild.

Næsta Evrópuþing verður í Baden- Baden næsta sumar, fyrstu helgina í ágúst. Evrópuþing verður síðan í Svíþjóð 2013, Hollandi 2015 og e.t.v. á Íslandi 2017 ef Eistland er ekki tilbúið, en annars 2019. Næsta alþjóðþing verður í New York 2012. Ingibjörg forseti hvetur konur til að sækja þingin.

International Speaker's Fund er sjóður þar sem sambönd geta sótt um í til að fá til sín gest til að halda fyrirlestra. Þá geta konur skráð nafn sitt á lista ef þær hafa hug á að flytja fyrirlestur eða námskeið fyrir aðrar deildir innan alþjóðasamtakanna – sækja þarf um fyrir 15. sept.

#### **Frá alþjóðþingi í Spokane, Sigrún Klara Hannesdóttir fráfarandi 2. alþjóðforseti**

Sigrún Klara benti á að Sigrún Jóhannesdóttir hafi gert þinginu góð skil í grein sem búið er að setja inn á vefinn okkar. Sagði Sigrún Klara okkur frá stafi sínu innan alþjóðasamtakanna og lagði áherslu á að gott hafi verið að hafa haft rödd Evrópu innan samtakanna og sagðist hún leggja mikla áherslu á að þetta væri alþjóðasamtök en ekki einungis amerísk. Hún er nú í ritnefnd alþjóðasamtakanna og taldi hún tímarit samtakanna Bulletin væri einhæft og hvorki aðlaðandi í uppsetningu né innihaldi og voru konur almennt sammála þessu. Þetta er ekki blað sem tekur á menntamálum á heimsvísu – afar amerískt blað. Ræddi Sigrún Klara nokkuð um útbreiðslunefndina. Hvaða deild sem er og hvaða landsamband sem er getur leitað til stjórnar og óskað eftir að fara inn í land til að stofna nýjar deildir. Íslenskar konur eru taldar til fyrirmyndar innan samtakanna. Það er tekið verulega eftir krafti og atorku okkar kvenna.

#### **Fjármál, Guðbjörg Sveinsdóttir gjaldkeri**

Fjallaði um störf gjaldkera. Lagði hún ríka áherslu á að það þarf að tilkynna um nýja gjaldkera til hennar. Það er gert á viðeigandi eyðublaði sem er í vörslu fráfarandi gjaldkera. Benti Guðbjörg á ábyrgð formanna á fjármálum deildarinnar þeir eiga að fylgjast með því að bókhald sé fært, ásamt innheimtu félagsgjalda. Félagsgjald til landssambandsins er 7500 og deildin ákveður hvort gjaldið er hærra. Mikilvægt er að félagskýrslur séu réttartil að alþjóðasamtökin hafi réttar upplýsingar um félagatal deildanna, því að greiðslan fer eftir fjölda í deildum en ekki greiddum félagsgjöldum. Gjaldkerar hafa fengið nýja handbók. Það er á áætlan að halda fund fyrir gjaldkera í byrjun október í gegnum netið. Minnti Guðbjörg á vörur samtakanna. Sagt var frá félagsfánanum – deildir geta fengið hann lánaðan t.d. hafi kona látist er fallett að bjóða upp á að hafa fánann uppi við útför. Þegar deildir eiga afmæli er einnig gaman að hafa fánann uppi við eða eitthvað annað markvert er um að vera og deildirnar taka þátt í eða vilja vekja athygli á samtökunum. Samtökin hafa greitt ferðakostnað á þennan fund, og óskaði Guðbjörg eftir að fá upplýsingar frá fundarkonum varðandi kostnað.

#### **Landssambandsnefndir kynntar**

##### **Félaga- og útbreiðslunefnd, Ingibjörg Einarsdóttir formaður**

Ingibjörg fór yfir starfsemi nefndarinnar en haldnir hafa verið fjöldi funda auk verulegs netsambands. Í bígerð er að stofna nú í haust eina deild í Reykjavík og aðra á Noðurlandi síðar í vetur. Ræddi hún um mikilvægi þess að hafa stuðningsfulltrúa við nýstofnaðar deildir, en Hertha W. Jónsdóttir var t.d. Kappadeildinni til halds og trausts.

##### **Laganefnd, Auður Torfadóttir formaður**

Verkefnið s.l. ár var að þýða lögin og taka á móti ábendingum um lagfæringar. Nú hafa ný alþjóðalög og reglugerð verið samþykkt og þarf nefndin að þýða þann hluta sem snýr að landssambandi og deildum. Sigrún Klara og Guðný munu verða þeim til aðstoðar.

##### **Menntamálanefnd, Sigríður Johnsen formaður**

Sigríður las erindisbréf nefndarinnar og sagði frá Vörpinginu, en nefndin undirbjó það með landssambandsstjórninni. Framundan er að kanna að halda stutt námskeið og stutta kvöldfundi sem og dagskrá landsambandsþingsins í vor.

##### **Námsstyrkjanefnd, Inga Úlfisdóttir formaður**

Nefndin hefur ekki haldið reglulega fundi. Íslenskir styrkir eru þeirra vettvangur sem veittir eru á oddaári og umsóknarfrestur er til 1. mars. Inga fór aðeins yfir alþjóðastyrkina og ferlið í kringum umsóknarferlið. Umsóknarfrestur er 15. febr. ár hvert.

##### **Uppstillingarnefnd, Steinunn Lilja Aðalsteinsdóttir formaður**

Þær þrjár sem skipa nefndina eru allar á Austurlandi. Steinunn fór yfir hlutverk nefndarinnar, en það er að safna saman tillögum deilda um konur í nýja stjórn landsambands og í tvær nefndir. Þessar tillögur þurfa að berast nefndinni fyrir lok janúar, þar sem þær þurfa að skila sínum tillögum til stjórnar fyrir miðjan febrúar. Ábending um mikilvægi þess að erindisbréf séu til fyrir allar nefndir.

### **Útgáfu og kynningarnefnd, Jónína Eiríksdóttir formaður**

Jónína þakkar fyrir að formenn séu boðaðir á framkvæmdaráðsfundarins, því þannig gefist meiri möguleiki á að kynna nefndarstarfið. Hún fór yfir hlutverk og starf nefndarinnar og lagði áherslu á það við formenn að þeir sjái til þess að þeir félagar sem ekki eru tölvuvæddir fái fréttablaðið prentað í hendur.

Hádegishlé 12:40 til -13:00

### **Verksvið formanna deilda.**

**Handbókarhöfundarnir Ingibjörg Einarsdóttir og Sigrún Jóhannesdóttir** voru með þennan þátt.

Sigrún fjallaði um í inngangi sínum um starf sitt innan samtakanna sem og þátttöku hennar við vinnu og gerð handbókar sem miðuð er við íslenskar aðstæður. Hugkortum var dreift og farið yfir hvert viðfangsefni. Hugsa þarf tvö ár fram í tímann við gerð starfsáætlunar – setja markmið – og mikilvægi þess að dreifa verkefnum. Ýmis stílblöð eru til í Word og gögn í tengslum við handbókina verða sett á netið. Benti Sigrún á nokkrar hugmyndir svo sem að gera starfayfirlit í deildum, og ýmsar hugmyndir sem verða skipulag stjórnar í upphafi starfstímabils síns. Hver og ein félagskona ætti að halda ferilsskrá yfir hvað hún hafi unnið fyrir deildina sína og eða landssambandið, hvaða þing hún hefði farið á og hvenær haldið erindi eða vinnustofur. Framkvæmdarráð deildar ætti að hittast minnst tvisvar á ári. Framkvæmdarráð leggur línurnar en stjórnin vinnur síðan eftir þeim - útfærir. Víða er hægt að finna upplýsingar á vef eða útgefið efni til að vinna eftir eða leita fróðleiks og hugmynda. Huga þarf vel að hvernig skráningu er háttað yfir það sem gert er og hvernig það er varðveitt.

Ingibjörg Einarsd. fór yfir hugkort um stjórnun deilda. Í stjórn er kosinn formaður, 1. varaformaður, 2.

varaformaður, ritari, meðstjórnandi, en gjaldkeri er valinn af stjórninni. Ingibjörgu varð tíðrætt um mætingar á deildarfundina, boðun á fundi. Er það gert með bréfpósti, símhringingu eða tölvupósti. Símhringing er áhrifaríkari en tölvupóstur. Nafnakall er ákaflega áriðandi á fundum. Í því fellst sameiningarkraftur fyrir deildina. Ingibjörg vildi árétta við formenn að minna konur á að senda kveðjur og láta vita um orsök forfalla. Mikilvægt er að virða tímamörk. Það er hluti af starfsemi DKG að halda rammann og ætti að vera aðalsmerki hvernar deildar. Við megum ekki hræðast fornlegheitin.

Orð til umhugsunar hefur tímamörk sem og annað sem tekið er fyrir á fundi. Fundargerðin er sameiningartákn deildarinnar. Gefa þarf tíma fyrir fréttir frá landssambandi og alþjóðasambandi. Markmið hvernar deildar á að vera að halda í hverja konu ekki gefast upp ef kona mætir ekki, mikilvægt er að hnippa í konur og mynda teymi um þær sem eiga hættu á að detta út. Nauðsynlegt er að halda góða skráningu yfir verkefni deildarkvenna.

Ingibjörg Jónasdóttir verður í sambandi við formenn varðandi gögn og upplýsingar sem nauðsynlegar eru fyrir formennina þegar kemur að því að þær eigi að senda skýrslur til alþjóðasamtakanna. Upplýsingar/útgáfa Sigrún, mikilvægt er að halda félagatalinu réttu og passa upp á að allar upplýsingar séu réttar. Fréttabréfið er afar góð heimild og gott upplýsingarit um starfssemi deilda. Ýmsir vefir eru einnig góð upplýsinga- og samskiptaleið. Á vef alþjóðasambandsins er að finna margar og gangnlegar upplýsingar. Halda skal vel utan um fundargerðir, varðveita skal fundargerðarbækur vel þannig er hægt að verðveita söguna.

Ingibjörg Einarsd. Fræddi okkur um hver staðan er varðandi útbreiðslu deild. Einnig fór hún yfir ferlið í kringum inntöku nýrra félaga – athöfnina. Við inntöku nýrra félaga er mikilvægt að skoða hvernig samsetning deildarinnar er, passa verður að allir séu ekki frá sömu stofnun eða af sama starfsvettvangi. Fjölbreytni starfsgreina skapar grunnvöll fyrir öflugri fræðslu inni deildunum og þekkingu milli starfsgreina.

### **Hópastarf: Vinátta – hjálpssemi – trúmennska**

Hvernig sérð þú þig, sem formann, vinna í þessum anda næstu tvö árin, og hvað er mikilvægast?

Sigrún Jóhannsdóttir og Ingibjörg Einarsdóttir skiptu niður í hópa og var góð umræða í hópunum. Konur spjölluðu saman, fengu hugmyndir frá hver annari og deildu öðrum.

### **Framkvæmdaráætlun, Ingibjörg Jónasdóttir forseti fór yfir áætlunina.**

- Ábending kom um að deildir DKG lesi yfir drög að almenna hluta nýrrar Aðalnámskrá og komi með athugasemdir um þennan kafla.
- Stefnan að DKG verði umsagnaraðili um lög og reglugerðir er varða menntamálið
- Leiðtoganámskeið verða haldin 24. – 27. sept. Það fyrra frá hádegi á föstudag fram til tíu og frá níu til sex á laugardag. Seinna námskeiðið veður frá níu til sex á sunnudag og frá níu til tvö á mánudag
- Bent var á að hægt er að sækja um styrki til Vonarsjóðs vegna þátttöku DKG kvenna á námskeiðum og þingum
- Hugmynd að landssambandið standi fyrir/skipuleggi námskeið fyrir deildir og deildir haldi stutt námskeið hjá sér
- Konur gefi kost á sér til að halda stutt námskeið fyrir deildir, sambandið

- Konur hvattar til að láta vita af sér, segja frá viðfangsefnum sem þær eru að vinna að eða viðurkningum sem þær hafa hlotið
- Látist félagskona er mikilvægt að koma á framfæri kveðju frá samtökunum við útförina
- Muna að minnast látinna félagskvenna á næsta Landssambandsþingi
- Alþjóðasamtökin hafa veitt blaðamönnum viðurkenningu fyrir að hafa fjallað jákvætt um menntamál – eitthvað sem við Íslendingar ættum að hafa í huga
- Hvetja deildir til að vera með viðurkenningar um það sem vel er gert í fræðslumálum á þeirra nærumhverfi og á landsvísu

*Áætlunin var samþykkt með áorðnum breytingum.*

## **Önnur mál**

- Rætt um útgáfu afmælisrits landsamtakanna í tilefni 40 ára afmælisins
- Huga þarf að söfnun efnis í ritið
- Sigrún Klara sagði frá verki sem samtökin hafa ákvæðið að styrkja í samstarfi við Unicef – Schools of Afrika
- Landsambandsþingið 2011 verður í Reykjanesbæ í vor, líklega 7. – 8. maí
- Anna Þóra þakkaði fyrir verulega vel skipulagðan og góðan fund

Fundislitið kl. 15:50 með því að landssambandsforseti Ingibjörg Jónasdóttir slökkti á kertunum og þakkaði fyrir góða þátttöku fundargesta.

**Steinunn Guðmundsdóttir**  
ritaði fundargerð